

**2001560 Húsnæði stjórnsýslunnar**

**Starfshópur um húsnæði stjórnsýslunnar**

**10. fundur haldinn 15. apríl 2021, fjarfundur, kl. 10:00**

---

**Mætt:**

Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður

Kristinn Andersen

Adda María Jóhannsdóttir

Lovísa Traustadóttir

Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Sigurður Nordal, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs, ritaði fundargerð

Formaður setti fundinn. Bæjarstjóri greindi frá því að Íslandsbanki þrýsti á að fá svör um það hvort bærinn hafi hug á því að gera tilboð í húsnæði í eigu bankans við Strandgötu og Linnetsstíg sem nú eru leigðar undir bæjarskrifstofur. Ljóst er að Íslandsbanki hefur hug á því að selja eignina. Fram kemur í drögum að greinargerð Mannvits, „Hagkvæmnisathugun – Húsnæði stjórnsýslu Hafnarfjarðar“, að sá valkostur að fara í nauðsynlegar breytingar á núverandi bæjarskrifstofum sé ekki hentugur kostur til framtíðar litið. Almenn umræða um málið. Samþykkt að bæjarstjóri greini Íslandsbanka frá vilja bæjarins til þess að leigja húsnæðið þar til nýjar bæjarskrifstofur hafa risið, en að ekki sé áhugi á því að kaupa húsnæðið af bankanum. Jafnframt samþykkt að upplýsa bæjarráð um væntanlegar viðræður við Íslandsbanka.

Samþykkt að óska eftir því að Mannvit kannaði hagkvæmni þess að leigja/kaupa húsnæði undir bæjarskrifstofur við Fornubúðir og bætti því inn í greinargerðina og var það samþykkt.

Fundi slitið kl. 10:30.

Fundargerð samþykkt í tölvupósti.